

Skýrsla tilnefningarnefndar Fjarskipta hf.

3. mars 2016

1 Inngangur

Góðir stjórnarhættir (e. corporate governance) hafa mikið verið til umræðu í Evrópu frá byrjun 10. áratugarins. OECD gaf út skýrslu árið 1999 sem hefur verið lögð til grundvallar að stjórnarháttum stærstu skráðu fyrirtækja Evrópu. Árið 2004 gáfu Samtök atvinnulífsins, Kauphöll Íslands og Viðskiptaráð Íslands út leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og voru þær hinar fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Síðan þær voru fyrst gefnar út hafa leiðbeiningarnar verið endurskoðaðar fimm sinnum, síðast 1. júní 2015.¹

Stjórn Fjaraskipta hf. ákvað sumarið 2014 að stefnt yrði að því að vera til fyrirmyndar í góðum stjórnarháttum. Til að uppfylla skilyrði handbókar um góða stjórnarhætti taldi stjórn félagsins nauðsynlegt að skipa tilnefningarnefnd.² Nefndin var stofnuð seint á árinu 2014 sem undirnefnd stjórnar og var falið að móta verklagið og setja sér starfsreglur. Lagði nefndin fram lokaskýrslu fyrir aðalfund 2015.

Tilnefningarnefnd Fjaraskipta hf. voru settar starfsreglur á fundi stjórnar Fjaraskipta hf. 18. febrúar 2015. Þar er kveðið á um að stjórn Fjaraskipta hf. skuli tilnefna einn nefndarmann en hina tvo nefndarmennina skuli hluthafafundur Fjaraskipta hf. kjósa ef stjórnarkjör er á dagskrá. Á aðalfundi félagsins 19. mars 2015 fór fram kjör tveggja nefndarmanna í samræmi við starfsreglurnar og mun það vera í fyrsta skipti hér á landi sem hluthafafundur kys nefndarmenn í tilnefningarnefnd.

Kjörnir nefndarmenn eru Ragnheiður S. Dagsdóttir, ráðgjafi hjá Capacent (formaður) og Ásdís Jónsdóttir, sérfræðingur hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Nefndarmaður tilnefndur af stjórn Fjaraskipta hf. er Heiðar Guðjónsson formaður stjórnar. Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu en Heiðar er ekki óháður stórum hluthöfum félagsins þar sem hann er framkvæmdastjóri Ursus ehf. sem á 5,9% í Fjaraskiptum hf.

Hér fer lokaskýrsla tilnefningarnefndar sem lögð er fyrir aðalfund félagsins þann 17. mars 2016. Í skýrslunni er lagt mat á frambjóðendur til stjórnar og sett fram tillaga að samsetningu hennar. Í vinnunni hafði tilnefningarnefnd grein 2.2 í leiðbeiningum um góða stjórnarhætti að leiðarljósi en þar segir: „Stjórn félagsins skal vera af þeirri stærð og þannig samsett að henni sé kleift að sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum.“ Og ennfreður: „Samsetning stjórnar skal vera í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins, þróunarstig þess og aðra viðeigandi þætti í rekstri þess og umhverfi. Stjórnin skal bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu og skal stefnt að því að kynjahlutföll í stjórn séu sem jöfnust.“³

Tilnefningarnefnd er þannig ætlað að auka líkur á því að stjórn félagsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna félagsins sem og að tryggja aukið gagnsæi í málefnum varðandi tilnefningu stjórnarmanna. Tilnefningarnefnd starfar í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar Fjaraskipta hf. (sjá viðauka eitt). Þar er nánar getið um hlutverk, ábyrgðarsvið, starfsemi og skipulag nefndarinnar.

¹ <http://leidbeiningar.is/Leidbeiningar/formali>

² http://www.vi.is/files/2012.03.08-Stjornarhaettir-NET_127435363.pdf

³ <http://leidbeiningar.is/Leidbeiningar/Stjorn>

2 Störf tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd hittist alls 10 sinnum á tímabilinu frá byrjun nóvember 2015 (fyrsti fundur Tilnefningarnefndar) til febrúar 2016. Nefndin setti sér starfsáætlun í samræmi við starfsreglur tilnefningarnefndar (sjá viðauka þrjú).

Ásdís og Ragnheiður hittu einslega alla stjórnarmenn núverandi stjórnar Fjarskipta hf. og að auki funduðu þær með forstjóra félagsins, Stefáni Sigurðssyni. Markmið fundanna var að afla upplýsinga um skoðun stjórnarmanna á starfi stjórnarinnar sl. ár, samsetningu hennar og frammistöðu formanns. Tók hvert viðtal um 45 mínútur. Heiðar var fjarverandi á fundum með öðrum stjórnarmönnum og með forstjóra til að tryggja nægt svigrúm fyrir þá til að tjá sig um störf hans og stjórnarinnar almennt undir hans formennsku og var trúnaðar gætt. Í viðtölum við stjórnarmenn var lagt mat á hæfni og reynslu stjórnarmanna út frá fyrirfram skilgreindum lykilhæfnispáttum fyrir stjórn Fjarskipta hf. (sjá töflu í viðauka fjögur).

Í desember sendi formaður tölvupóst til tuttugu stærstu hluthafa í félaginu og bauð þeim að funda með nefndinni. Markmiðið var að gefa stærstu hluthöfum færi á að koma sjónarmiðum sínum um starf stjórnarinnar á framfæri. Þeim sem ekki vildu hitta nefndina var boðið að senda inn skriflegar ábendingar.

Þrír hluthafar páðu að hitta tilnefningarnefndina og fundaði nefndin með þeim í lok janúar og byrjun febrúar 2016. Var hver fundur um 30 mínútur. Tilnefningarnefnd ítrekaði óskir sínar um að hluthafar kæmu til nefndarinnar athugasemdum og tilnefningum á nýjum stjórnarmönnum með auglýsingu á heimasíðu félagsins og beinum samskiptum við stærstu hluthafa.

Í byrjun febrúar fékk nefndin í hendur niðurstöður árangursmats sem lagt hafði verið fyrir alla stjórnarmenn. Árangursmatið var unnið af Advel lögfræðipjónustu.

Lokadrög skýrslunnar voru send stærstu hluthöfum og stjórnarmönnum til yfirferðar í lok febrúar og var þeim boðið að leggja fram athugasemdir. Í kjölfarið var gengið frá lokaskýrslu í byrjun mars.

Aðalfundur Fjarskipta hf. 2016 verður haldinn þann 17. mars, kl. 16. Í auglýsingu fyrir aðalfundinn var boðið upp á að senda inn framboð til stjórnar til umfjöllunar í tilnefningarnefnd. Frestur til þess að skila framboði til tilnefningarnefndar rann út þremur vikum fyrir aðalfundinn eða þann 25. febrúar 2016. Almennur framboðsfrestur er eftir sem áður fimm sólahringar fyrir aðalfund í samræmi við 63 gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 16 þann 12. mars. Einungis núverandi aðalmenn í stjórn félagsins skiluðu framboðstilkynningum fyrir 25. febrúar og verður því aðeins lagt mat á þá í þessari skýrslu.

3 Mat tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefndin greindi lykilhæfni og -þekkingu fyrir stjórn Fjarskipta (sjá viðauka fjögur og töflu hér að neðan). Í kjölfarið lagði hún mat á þekkingu og hæfni í núverandi stjórn út frá lykilhæfniræmmanum. Það var mat tilnefningarnefndar að alla lykilhæfnipættina mætti finna í stjórninni. Allir stjórnarmenn bjóða sig fram til áframhaldandi setu og engin önnur framboð bárust tilnefningarnefnd, svo ekki reyndist þörf á að meta ný framboð.

Lykilhæfni/þekking
Almenn stjórnunarreynsla Stjórnunarreynsla úr fjarskiptafyrirtæki/önnur reynsla úr fjarskiptafyrirtæki eða tengdri starfsemi Stefnumótun og áætlanagerð Áhættustjórnun Fjármálastjórnun Endurskoðun Mannauðsstjórnun Markaðsmál Tækniþekking á sviði fyrirtækisins Sérþekking á lögum og lagalegu umhverfi fyrirtækisins Þekking á alþjóðlegu umhverfi fjarskipta/tæknifyrirtækja

Í núverandi stjórn býr aðeins einn fulltrúi býr yfir fyrri reynslu úr fjarskiptafyrirtæki en öll hafa þau setið í stjórninni í 3-4 ár og því aflað sér töluverðrar þekkingar í starfinu. Þá hafa þau öll almenna reynslu af stjórnun. Enginn aðalmaður er með sérmenntun á sviði tækni en stjórnarformaður hefur þó aflað sér töluverðrar reynslu og þekkingar. Varamaður í stjórn hefur sérfræðiþekkingu á sviðinu. Hann situr enn fremur í Tækninefnd sem er undirnefnd stjórnar.

Mikill samhljómur var í viðtölum við stjórnarmenn. Þau voru sammála um að stjórnin starfaði vel, að allir stjórnarmenn væru virkir þátttakendur og kæmu vel undirbúnir til funda. Öll töldu þau að samsetning stjórnarinnar væri góð. Almenn ánægja var með störf formanns og samstarfið innan hópsins. Árangursmat stjórnar var í samræmi við viðtölin.

Samhljómur var í viðtölum við fulltrúa hluthafa og lýstu þeir almennt yfir ánægju með starf stjórnarinnar og samsetningu hennar.

Það er mat nefndarinnar að stjórnin sé vel samsett með tilliti til lykilþáttanna. Einna helst skortir tækniþekkingu meðal aðalmanna en það er bætt upp með tækninefnd sem starfar undir stjórn. Þá hefur tækniþekking verið meðal varamanna sem hægt hefur verið að sækja í ef þörf krefur. Kynjahlutföll í stjórn eru jöfn en þar sitja nú tvær konur og þrír karlar.

4 Niðurstaða

Nefndin leggur til að þau Heiðar Guðjónsson, Anna Guðný Aradóttir, Hildur Dungal, Hjörleifur Pálsson og Vilmundur Jósefsson verði kjörin til áframhaldandi setu í stjórn. Ferilskrár þeirra má finna í viðauka fimm.

Viðauki 1: Starfsreglur tilnefningarnefndar Fjarskipta hf.

1. Tilgangur

Stjórn Fjarskipta hf. setur sér það markmið að góðir stjórnarhættir félagsins séu viðhafðir í starfsemi félagsins og til að gera störf stjórnarinnar markvissari hefur stjórnin ákveðið að skipa félaginu tilnefningarnefnd.

Tilnefningarnefndinni er ætlað að auka líkur á því að stjórn félagsins endurspegli fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu stjórnarmanna félagsins sem og að tryggja aukið gagnsæi í málefnum varðandi tilnefningu stjórnarmanna.

2. Skipun og samsetning

Tilnefningarnefnd (nefndin) er samsett af þremur einstaklingum. Nefndarmenn skulu kosnir/skipaðir til eins árs í senn. Stjórn Fjarskipta hf. skal tilnefna einn nefndarmann en hina tvo nefndarmennina skal hluthafafundur Fjarskipta hf. kjósa ef stjórnarkjör er á dagskrá. Fyrirkomulag samþykktu um kosningu stjórnarmanna, og um framkvæmd kosningar, skal gilda um kosningu nefndarmannanna tveggja í tilnefningarnefnd. Tilnefningarnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar Fjarskipta hf. getur ekki verið formaður nefndarinnar. Starfskjör nefndarinnar skulu ákveðin á aðalfundi félagsins. Meirihluti nefndarinnar sem kosinn er af hluthöfum skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess, þ.a. skal annar kosinna nefndarmanna bæði vera óháður daglegum stjórnendum og félaginu og jafnframt óháður stórum hluthöfum félagsins. Nefndarmenn skulu valdir með hliðsjón af þekkingu og reynslu sem skal vera í samræmi við verkefni nefndarinnar. Nefndarmenn eiga að hafa þekkingu og reynslu á viðmiðum og venjum varðandi stjórn fyrirtækja ásamt því að æskilegt er að þeir hafi verið í einhverjum tengslum við mat og tilnefningu á aðilum til stjórnarsetu í fyrirtækjum.

3. Fundir

Nefndin skal halda fundi að lágmarki þrisvar sinnum á ári til að sinna hlutverki sínu. Haldnir skulu aukafundir telji formaður nefndarinnar þörf á því. Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar og tilnefnir fundarritara. Fundargerðir sem og ákvarðanir nefndarinnar í einstökum málum skulu vistaðar rafrænt með aðgengilegum hætti fyrir alla nefndarmenn.

Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með minnst tveggja daga fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tækifæri á því að fjalla um málið.

4. Hlutverk og ábyrgðarsvið

Meginhlutverk nefndarinnar er að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu hjá Fjarskiptum hf. fyrir hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, auk þess að meta hæfi og óhæði frambjóðenda til stjórnar sem gefið hafa kost á sér til þeirra starfa.

Í auglýsingu hluthafafunda skemmst þremur vikum fyrir fund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá skal tilnefningarnefndin óska eftir framboðum til stjórnar sem berast skulu nefndinni eigi síðar en tveimur vikum fyrir fund. Vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar getur nefndin ekki lagt mat á framboð sem berast eftir það tímamark. Skal tillaga nefndarinnar um tilnefningar stjórnarmanna til hluthafafundar liggja fyrir eigi síðar en 10 dögum fyrir hluthafafund.

Um framboðsfrest og tilkynningu framboða fer öðru leyti samkvæmt IX. kafla hlutafélagalaga nr. 2/1995.

Við framkvæmd starfa sinna skal nefndin taka mið af heildarhagsmunum hluthafa.

Nefndin skal hafa eftirfarandi hlutverk:

- a) Leggja mat á samsetningu, stærð og árangur stjórnar ásamt því að ráðleggja varðandi úrbætur telji nefndin þess þörf.
- b) Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu.
- c) Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna.
- d) Undirbúa og leggja fram tillögu um kosningu stjórnarmanna á aðalfundi félagsins.
- e) Gæta að kynjahlutföllum í stjórn félagsins.
- f) Upplýsa tilvonandi stjórnarmenn um þá ábyrgð sem fólgin er í stjórnarsetu fyrir félagið.
- g) Sjá til þess að hluthafar fái upplýsingar um tilvonandi stjórnarmenn.
- h) Vinna úr niðurstöðum árlegs árangursmats stjórnar. Nefndin skal setja sér starfsáætlun til að stuðla að skilvirkni í störfum sínum.

Nefndinni er heimilt að leita atbeina ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Það er nefndarinnar að ganga úr skugga um óhæði slíkra ráðgjafa.

Formaður nefndar skal sjá til þess að allir nýir nefndarmenn fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar þegar þeir hefja störf.

5. Heimild nefndarinnar og aðgengi að gögnum

Mikilvægt er að nefndin hafi víðtækan aðgang að gögnum sem tengjast störfum hennar og geti óskað eftir skýrslum og greinargerðum frá aðilum varðandi störf hennar.

Nefndin hefur heimild sé þess þörf að leita atbeina stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Beiðnir um upplýsingar frá félaginu þurfa að fara í gegnum forstjóra félagsins. Forstjóri hefur heimild til að hafna afhendingu gagna og leggja beiðni nefndarinnar undir stjórn félagsins.

6. Þagnar- og trúnaðarskylda

Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni fyrirtækisins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara. Þagnar- og trúnaðarskyldan helst þótt látið sé af störfum.

7. Mat á störfum sínum og störfum nefndarmanna

Nefndarmenn skulu árlega framkvæma mat á störfum nefndarinnar og á störfum einstakra nefndarmanna.

Samþykkt á fundi í stjórn Fjarskipta hf. þann 18. febrúar 2015

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður

Anna Guðný Aradóttir

Vilmundur Jósefsson

Hildur Dungal

Hjörleifur Pálsson

Viðauki 2: Óháðir nefndarmenn í tilnefningarnefnd

Ragnheiður S. Dagsdóttir (formaður) hefur starfað hjá Capacent (Gallup/IMG) undanfarin 17 ár. Hún sérhæfir sig í mati og ráðningum sérfræðinga og lykilstjórnenda bæði hjá opinberum stofnunum og einkafyrirtækjum. Ragnheiður er með BA próf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands.

Ásdís Jónsdóttir hefur starfað sem sérfræðingur á sviði vísinda og háskóla hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 2013. Fyrir þann tíma stundaði hún doktorsnám í vísinda- og tæknifræðum við Háskólann í Ósló. Ásdís starfaði um skeið sem sérfræðingur hjá Rannís á sviði greiningar á rannsóknar- og nýsköpunarstarfi. Þá hefur hún einnig töluverða reynslu af ráðningum og mannauðsstjórnun og vann hún við ráðgjöf á því sviði hjá Capacent (þá Gallup/IMG) á árunum 1998-2003.

Viðauki 3: Starfsemi tilnefningarnefndar 2015-2016

	Verkpáttur	Dags.
1	Fyrsti skipulagsfundur tilnefningarnefndar. Undirbúningur starfs nefndarinnar, skilgreining verkpátta og tímaramma.	9.nóv.
2	Undirbúningsfundur RSD og ÁJ vegna funda með stjórnarmönnum.	27. nóv.
3	Fundir RSD og ÁJ með fulltrúum í stjórn Fjarskipta.	9. og 10. des.
4	Bréf send til 20 stærstu hluthafa í félaginu og þeim boðið að funda með nefndinni til að fara yfir árangur stjórnarinnar. Fundir skipulagðir.	Lok des.
5	Fundur með forstjóra Fjarskipta hf.	4. jan.
6	Fundur RSD og ÁJ með stjórnarformanni Fjarskipta hf. Annar skipulagsfundur tilnefningarnefndar.	22. jan.
7	Yfirferð á lykilhæfni og –þekkingu stjórnar byggt á þeim upplýsingum sem aflað hefur verið.	jan.
8	Farið yfir niðurstöður árangursmats stjórnar.	jan.
9	Fundir tilnefningarnefndar með hluthöfum: Gildi og LSR	25. jan.
10	Fundir tilnefningarnefndar með hluthöfum: Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	4. feb.
11	Mat lagt á hæfni- og þekkingarsamsetningu stjórnarinnar, bakgrunn og kynjaskiptingu.	feb.
12	Gengið frá tillögu nefndarinnar og lokaskýrslu.	feb. - mars

Viðauki 4: Matsrammi:

Lykilhæfni og -þekking í stjórn Fjarskipta hf.

	Lykilhæfni og –þekking											
Nafn frambjóðanda	Stjórnunarreynsla - almenn	Stjórnunarreynsla úr fjarskiptafyrirtæki	Önnur reynsla úr fjarskiptageira eða tengdum geirum	Stefnumótun og áætlanagerð	Áhættustjórnun	Fjármálastjórnun	Endurskoðun	Markaðsmál	Mannauðsstjórnun	Tækniþekking á sviði fyrirtækisins	Sérþekking á lögum og lagalegu umhverfi fyrirtækisins	Þekking á alþjóðlegu umhverfi fjarskipta-og/eða tæknifyrirtækja

Viðauki 5: Stjórn Fjarskipta

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, er fæddur árið 1972 og er aðalstarf hans framkvæmdastjórn eigin fjárfestingafélags, Ursus ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn Fjarskipta 11. apríl 2013. Hann hefur lokið prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands. Heiðar er formaður stjórnar Ursus ehf., Köldukvíslar ehf., Eykon Energy AS og Innviða fjárfestinga slhf. Hann er varaformaður stjórnar HS Veitna hf. Heiðar á ekki eignarhlut í Fjarskiptum en fjárhagslega tengdur aðili honum á 5,9% í félaginu.

Anna Guðný Aradóttir er fædd árið 1956 og er aðalstarf hennar forstöðumaður markaðs- og samskiptamála Samskipa hf. Hún var fyrst kosin sem varamaður í stjórn Fjarskipta 29. ágúst 2012, en varð síðan aðalmaður í stjórn félagsins 9. nóvember 2012. Hún hefur lokið viðskipta- og rekstrarnámi frá Háskóla Íslands og hefur MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Anna Guðný situr í stjórn Stafa lífeyrissjóðs og stjórn Lyfja & heilsu hf. Anna Guðný á ekki eignarhlut í félaginu.

Hildur Dungal er fædd árið 1971 og er starfandi lögfræðingur hjá innanríksiráðuneytinu. Hún var fyrst kosin varamaður í stjórn Fjarskipta 9. nóvember 2012 en síðan aðalmaður í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hún hefur lokið embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hildur er varaformaður stjórnar Nýherja hf. Hildur á ekki eignarhlut í félaginu.

Hjörleifur Pálsson er fæddur árið 1963 og starfar sem óháður stjórnarmaður. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hjörleifur er viðskiptafræðingur að mennt, útskrifaður með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 1989. Hjörleifur er stjórnarformaður og formaður háskólaráðs í Háskólanum í Reykjavík, situr í fjárfestingaráði Akurs fjárfestinga slhf., í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf. og Framtakssjóðs Íslands slhf., hann er jafnframt í stjórn lyfjafyrirtækjanna Florealis ehf. og Lotus Pharmaceutical Co., Ltd í Taiwan. Hjörleifur á ekki eignarhlut í félaginu.

Vilmundur Jósefsson er fæddur árið 1949 og er aðalstarf hans framkvæmdastjóri Svartár ehf. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 4. apríl 2012 og svo endurkjörin 26. mars 2014. Vilmundur er viðskiptafræðingur að mennt. Hann situr einnig í stjórn Steinullar hf., Teris hf., Hylju ehf., Undirbúningsfélags Verðbréfamarkaðar hf., Stáss ehf. og Svartár ehf. Vilmundur átti 0,08% í félaginu í árslok 2015.